



## Stjórnarfundur UÍA

Haldinn á Egilsstöðum, miðvikudaginn 03.03.2020 kl: 17:30

Mætt eru Gunnar Gassi Gunnarsson, Gunnar Gunnarsson, Benedikt Jónsson, Þórunn María Þorgrímsdóttir og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir (Bobba).

### Dagskrá

- Fundargerð síðasta fundar
- Lottó 2020
- Verkefni sumarsins
- Innsend erindi
- Sambandsþing UÍA
- Stjórn UÍA v/þing
- Önnur mál.

### Fundargerð síðasta fundar stjórnar

Samþykkt samhljóða

### Lottó 2020

Farið yfir Lottóúthlutun fyrir 2020. Upphæðirnar sem fara til félaganna eru hærri fyrir þetta ár en áður.

### Verkefni sumarsins/framundan

Gassi hefur verið að skoða sundhugmyndina frá síðasta fundi og hefur verið í samskiptum við konu þar. Málið er enn í vinnslu.

Sumarstarfsmaður – vonir standa til að Halldór, sumarstarfsmaður síðasta árs, komi aftur til starfa sumarið 2021.

Sumarhátíðin – önnur helgin í júlí – það má koma út þeirri dagsetningu t.d. á Facebook.

Tour de Ormurinn – er í skoðun – Gassi var búinn að hafa samband við Þrist en þar gætu verið breytingar í gangi hjá stjórn og þarf þá að skoða það með nýrri stjórn.

### **Innsend erindi**

Daníel Baldursson ungur afreksmaður í bogfimi sendi inn erindi til stjórnar með ósk um styrk vegna ýmissa ferða í hæfileikabúðir og keppnir á vegum bogfimisambands Íslands. Samþykkt að styrkja hann um 50.000 kr.

### **Sambandsþing UÍA**

Það þarf að breyta fyrirhugaðri dagsetningu á sambandsþinginu þar sem að ársþing ÍSÍ er sett á þennan dag eða 08.05.

Stefnt er að því að hafa stefnumótunarvinna UMFÍ (landshlutfundur) á Egilsstöðum 16.04. En hugmynd kom fram að tengja saman ársþing UÍA og þetta þing og setja það á laugardaginn 17.04. Gunnar skoðar það hjá Auði hvort að það verði hægt.

### **Stjórn UÍA v/þing**

Skoða þarf stjórnarmyndun fyrir nýja stjórn þar sem formaður hefur hug á því að hætta sem formaður.

### **Önnur mál.**

Búið er að boða sambandsráðsfund/stefnumótunarfund við hótél Geysi laugardaginn 20.03. UÍA á þar einn fulltrúa og mun Benedikt fara þangað fyrir hönd stjórnar.

Næsti fundur verður tekinn í fjarfundi þann 15.03. kl. 17:00

Fundi slitið kl. 19.03

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir